

EFTIRLITSSKÝRSLA

Langanesbyggð Þórshöfn



Dags eftirlits	20.9.2012	Fulltrúi UST	Helga Hreinsdóttir
Fyrirtæki	Langanesbyggð	Fulltrúi UST	
Heimili	Fjarðarvegi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	42369-1749	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jarek	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	664967,643 638432,638

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin úrgangur hefur verið urðaður á staðnum frá vordögum 2011.

Þrjú frávik voru staðfest: Starfsleyfi er útrunnið, lokunaráætlun hefur ekki borist og mengunarmælingar fráveituvatns hafa ekki farið fram.

Athugasemd var gerð við endurvinnanlegan úrgang í bland við annan á urðunarstað

UMFANG EFTIRLITS

Gengið var um fyrrum urðunarstað við Álfasundsás á Þórshöfn og ummerki um frágang og núverandi nýtingu staðarins skoðuð.

Frávik frá

Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, gr. 7.1 þar sem m. a. segir „Allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, skal hafa gilt starfsleyfi,“

Lýsing á frávikum

Starfsleyfi urðunarstaðarins er útrunnið. Ekki hefur verið sótt um endurnýjun starfsleyfis.

Grein 1.10 í starfsleyfi þar sem m.a. segir að áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarsvæðisins skuli liggja fyrir ekki seinna en ári áður en starfseminni lýkur.

Lokunaráætlun fyrir urðunarstaðinn hefur ekki borist Umhverfisstofnun.

Grein 1.8 í starfsleyfi þar sem segir að fyrir 1.3. ár hvert skuli senda niðurstöður mælinga á mengunarefnum.

Niðurstöður mælinga á mengunarefnum sem berast frá urðunarstaðnum hafa ekki borist.

ATHUGASEMDIR

Í óvirkum úrgangi og garðaúrgangi voru málmar. Málmar eru endurvinnanlegir og farvegir til að koma þeim til endurvinnslu eru færir.

ANNAÐ

Ekki eru heimildir í starfsleyfi til að nýta urðunarstaðinn sem geymslusvæði. Skv. upplýsingum frá rekstaraðila hafa gámar sem eru í geymslu á svæðinu verið seldir og gert er ráð fyrir að kaupandi fjarlægji þá innan tíðar.

Þar til formleg lokun urðunarstaðarins hefur farið fram er litið svo á að staðurinn sé í rekstri og að fara beri að ákvæðum starfsleyfis hvað varðar sýnatökur o.þ.h.

Reykjavík,

28.11.2012

Helga Str.

Helga Hreinsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.